



# AUGLÝSING UM STYRKI

til sveitarfélaga vegna áskorana sem hafa fylgt COVID-19 faraldri í félagsþjónustu og barnavernd árið 2020

## Um úthlutunina

Veittar eru 14 m.kr. í styrki til að takast á við áskoranir sem fylgja COVID-19 í félagsþjónustu og barnavernd í dreifðustu byggðum landsins.

Við úthlutun styrkja verður eingöngu horft til umsókna frá sveitarfélögum utan Hvíta-Hvítá svæðisins, þ.e. sveitarfélaga utan þéttbýlasta hluta landsins. Undanskilin eru þá sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, auk Akraness, Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar, Borgarbyggðar, Sveitarfélagsins Árborgar, Hveragerðis og Sveitarfélagsins Ölfuss.

Sveitarfélög sem hyggjast sækja um styrk þurfa að byggja umsóknir á málum sem lúta að skjólstæðingum með búsetu í dreifbýli eða byggðakjörnum með 1.500 íbúa eða færri m.v. 1. janúar 2020.

## Mat umsókna

Umsóknir eru metnar að stigum með tilliti til eftirfarandi mælikvarða:

1. Hlutfallsleg aukning á fjölda mála hjá félagsþjónustu sveitarfélags á tímabilinu mars-desember 2020 miðað við meðaltal sömu mánaða árið 2019.
2. Hlutfallsleg kostnaðaraukning vegna mála hjá félagsþjónustu sveitarfélags á ofangreindu tímabili.
3. Hlutfallsleg aukning á atvinnuleysi í sveitarfélagi tímabilið mars-desember 2020 miðað við sömu mánuði árið 2019 samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar.

## Um umsóknir

Sveitarfélag sem sendir inn umsókn skal rökstyðja hana með vísan í þau skilyrði sem hér koma fram þannig að það komi skýrt fram hvernig umsóknin skorar á tilgreinda mælikvarða með gögnum þar að lútandi. Upphæð umsóknar taki mið af kostnaðarauka sem sveitarfélagið sýnir fram á fyrir tímabilið mars-desember 2020 samanborið við meðaltal sama tímabils árið 2019.

**Umsóknum skal skila eigi síðar en 15. mars 2021 í gegnum umsóknargátt á heimasíðu Byggðastofnunar.**